



Alþingi
Erindi nr. P 141/637
komudagur 20.11.2012

Alþingi
Allsherjar og menntanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 15. nóvember 2012

Efni: Umsögn um þingsályktunar um menningarstefnu, löggjafarþing 141, 196. mál.

Visað er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, þann 29. október 2012 þar sem óskað er umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um ofangreint mál.

Leitað var álits Menningaráðs Vestfjarða á efni þingsályktunarinnar en allsherjar og menntanefnd hefur einnig óskað umsagnar Menningarráðs um sama efni. Varð að niðurstöðu beggja aðila að skila sameiginlegri umsögn um málið. Slíkt er einnig eðlilegt skref í ljósi ákvörðunar Fjórðungspings Vestfirðinga að sameina starfsemi þessarar aðila frá og með komandi áramótum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga og Menningaráð Vestfjarða fagnar því að unnin hafi verið vönduð menningarstefna sem stjórnvöld eiga hrós skilið fyrir og hvetur til að menningarstefnunni verði fylgt vandiega eftir í orði og á borði, m.a. með auknum fjárveitingum til málaflokksins nú eftir langt samdráttarskeið. En á síðustu fimm árum hefur fjármagni sem úthlutað er frá ríkisvaldinu til menningarverkefna á Vestfjörðum, svo dæmi sé tekið, dregist nokkuð saman og nauðsynlegt að snúa þeirri þróun við. Mælt er með að nýta þetta tækifæri með samþykkt menningarstefnu að sett verði fram fjárfestingarstefna í málaflokknum.

Í efni þingsályktunar er lögð áherslu á atvinnumennsku í framsetningu menningarviðburða og fagmennsku almennt. Eftirsóknarvert verður að telja að stuðla sé að aukinni atvinnumennsku en þá verður líta jafnt til dreifbýlis og þéttbýlis í þeim efnum. Hér er ekki síður mikilvægt að huga að grunnmenntun á sviði menningar, öflugri grasrotarstarfsemi og starfsemi áhugafólks á sviði menningar og lista. Oftar en ekki eru á þeim vettvangi tekin fyrstu skrefin í átt til atvinnumennsku og verðmætasköpunar á sviði menningar og lista. Minnt er á að þau jákvæðu áhrif sem öflugt menningarstarf hefur á mannlíf eru ómetanleg og starfsemi áhugafélaga er oft lykilatriði bæði hvað varðar þátttöku í og aðgengi að menningu á landsbyggðinni.

Varðandi einstaka greinar þingsályktunartillögunna skal hér minnst á tvö atriði;

1. Vísað er hér í lið II. *lifandi menningarstofnanir* og einnig liði h) og j) í *leiðarljósum stjórnvalda* samkvæmt þingsályktuninni, skal bent á að fyrir landsbyggðina væri jákvætt að tekið væri sérstaklega fram að menningarstofnanir ríkisins sem starfa á landsvísu hafi einnig sérstökum skyldum að gegna gagnvart landsbyggðinni. Í þingsályktun um menningarstefnu verði því að áréttu að í ramma stjórnvalda sem settur sé menningarstofnunum, að þar sé tilgreint að þær geri ráð fyrir þjónustu fyrir alla landsmenn í starfsemi sinni.
2. Vísað er hér til III kafla 1. lið markmiða og bent á að ekki er síður þörf fyrir að áréttu að árangur og starfsemi annarra samninga og sjóða verði metinn reglulega með sambærilegum hætti og menningarsamningar milli ríkis og sveitarfélaga.

Virðingafyllst

f.h. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Menningarráðs Vestfjarða



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri